

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að borgarstjórn samþykki að frístundarkortið verði einungis notað í samræmi við skilgreint markmið þess og tilgang og að þar með verði afnumið skilyrði að nýta verði rétt til frístundarkorts áður en sótt er um fjárhagsaðstoð.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að frístundarkortið verði einungis notað í samræmi við skilgreint markmið þess og tilgang. Þar með verði afnumið skilyrði að til þess að geta sótt um aðra fjárhagsaðstoð, þ.m.t. þriggja mánaða skuldaskjól eða afskrift vanskila, verði foreldri/skuldari fyrst að nýta rétt til frístundakorts skv. greinum 16a og 16b í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og reglum um verklag vegna vanskila foreldra er varðar þjónustu við börn. Hugmyndafræðin að baki frístundarkorti tengist ekki á neinn hátt erfiðleikum foreldra að greiða fyrir frístundaheimili hvað þá greiðslu skulda eða afskriftir vanskila foreldra við borgina. Þvert á móti er markmið og tilgangur frístundarkortsins að: Öll börn og unglingar í Reykjavík 6-18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum foreldra. Árið 2009 var samþykkt á fundi borgarráðs að unnt verði að greiða fyrir frístundaheimili með frístundakortum. Sú ákvörðun gengur einnig í berhöggið við markmið og tilgang frístundarkortsins. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð og fjölbreytni í iðkun íþróttá-, lista- og tómsundastarfsemi. Að spyrða rétt barns til frístundarkorts við fjárhagserfiðleika og umsókn foreldra um fjárhagsaðstoð og skuldaskjól eða nota það sem gjaldmiðil upp í greiðslu vegna nauðsynlegrar dvalar barns á frístundaheimili er brot á rétti barnsins.

Greinargerð:

Markmiðið og tilgangurinn með frístundarkortinu var ætíð að auka tækifæri barna til að stunda íþróttir og tómsundir óháð efnahag foreldra. Það markmið hefur nú verið afbakið. Það sætir furðu að síðasti meirihluti í borgarstjórn og sá sem situr nú við völd skuli hafa leyft sér að breyta markmiði frístundarkortsins og tilgangi þannig að réttur til nýtingu kortsins gangi ýmist upp í greiðslu á frístundaheimili eða sé skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð, umsókn um skuldaskjól eða afskriftir skulda. Frístundaheimili er fyrst og fremst hugsað til að veita börnum öruggt og þroskavænlegt skjól á meðan foreldrar eru í vinnu. Hér er um nauðsyn að ræða í lang flestum tilfellum. Það gefur auga leið að ef foreldrar vegna fjárhagserfiðleika sinna verða að nota frístundarkortið til að greiða með frístundaheimili er réttur barnsins til nýtingu þess í íþróttá- og tómsundaíðkun ekki nýttur. Enn frekari afbökun á rétti til frístundarkorts er að gera notkun þess að skilyrði fyrir að sækja um fjárhagsaðstoð.

Hvernig má það vera að eitthvað sem er hugsað til að rjúfa einangrun barns og stuðla að jafnræði sé nú notað sem gjaldmiðill upp í greiðslu skulda foreldra eða gert að skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð eða skuldaskjól?

Annað vandamál er upphæð frístundarkortsins sem er kr. 50.000 krónur. Þessi upphæð nær skammt upp í fjölmörg lengri námskeið á sviði íþróttá- og tómsunda. Skilyrði fyrir að nota frístundarkortið er að námskeið sé allt að 10 vikur og kosta slík námskeið án efa mun meira en 50.000 krónur. Aðeins þeir foreldrar sem geta greitt mismuninn geta leyft börnum sínum að taka þátt í lengri námskeiðum og námi í t.d. tónlistarskóla, dansskóla, myndlistarskóla, ljósmyndanámi eða annað sambærilegt.

Engar undantekningar eða sveigjanleiki er fyrir hendi að nota korti í styttri og þar að leiðandi kostnaðarminni námskeið. Með þessu er börnum efnalítilla og fátækra foreldra útilokuð þar sem foreldrar hafa oft engin ráð á að greiða mismuninn sem gæti allt eins verið tvöföld upphæð frístundarkortsins og jafnvel meira.

Með svo ósveigjanlegum og ósanngjörnum reglum er fátækum foreldrum þrýst til að nýta kortið til að greiða upp í gjald frístundaheimilis? Svo langt er gengið í ósveigjanleika að það er ekki einu sinni hægt að nýta kortið á sumarnámskeið þar sem þau námskeið ná ekki 10 vikna lengd. Fyrir þessu eru engin rök. Styttri námskeið geta vel verið jafn árangursrík í að styrkja félagsfærni barna en löng Fyrir mörg börn henta styttri námskeið betur en lengri. Fyrir barn fátækra foreldra sem ekki hafa efni á að

veita barni sínu mikið getur ein vika, jafnvel einn dagur í félagslegum samskiptum skipt miklu máli. Ef foreldrar hafa ekki ráð á að greiða heildarkostnaðinn fyrir 10 vikna námskeið hvernig samræmist það yfirlýstum markmiðum um frístundakortið. Í hverju felst jöfnuðurinn?

Flokkur fólksins gerir þá kröfu að borgarmeirihlutinn virði tilgang og markmið frístundarkortsins og í stað þess að taka réttinn af barni til að nota kortið í tómsundur séu fundnar aðrar leiðir til að aðstoða foreldra við að greiða fyrir frístundaheimili. Heldur ætti aldrei að setja skilyrði að foreldri nýti rétt frístundarkorts barns síns svo það geti sótt um fjárhagsaðstoð, sótt um skuldaskjól eða afskriftir skulda. Hér er verið að blanda saman tvennum ólíkum hlutum á kostnað hagsmuna barnsins.

Fyrir liggur að nýting frístundarkortsins er lang minnst í hverfi 111. Hverfi 111 er eitt mesta fjölmenningsamfélagið í borginni. Þar býr mikið af efnalitlum fjölskyldum. Það er sérkennilegt að ekki séu til upplýsingar hjá íþrótt- og tómsundasviði um hlutfall þátttöku barna af erlendu bergi brotnu. Sterkar vísbendingar eru um að ástæðan fyrir því að nýting frístundarkortsins er mun lægri í þessu hverfi en í öðrum hverfum séu vegna þess að þar hafa foreldrar neyðst til að nota frístundakortið í öðrum tilgangi.

Flokkur fólksins hefur lagt til að farið verði í sérstakt átak hjá borginni til að auka nýtingu frístundarkortsins í hverfi 111 í þágu barnanna. Liður í því er að afnema skilyrði um nýtingu þess fyrir umsókn um fjárhagsaðstoð og skuldaskjól og bjóða þeim sem ella hefðu notað frístundakortið til að greiða frístundaheimili þess í stað sérstakan styrk svo barnið geti notað frístundakortið samkvæmt markmiðum þess.